

9

6. febr.

## L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 117/1950 verði svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. Laun opinberra starfsmanna árið 1951 skulu miðuð við kaupgjaldsvísitölu 123.

## 2. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laga nr. 22/1950 komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Hækka má á verðlagsárinu verð landbúnaðarafurða sem nemur hækkun á dreifingar- og vinnslukostnaði á sama hátt og verið hefur.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 6. febrúar 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

10

6. febr.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 82/1936, um ríkisútgáfu námsbóka.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. málslíður 7. gr. laganna orðist þannig: Námsbókagjald skal vera 15 krónur á heimili.

## 2. gr.

3. málslíður 12. gr. laganna orðist þannig: Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 20 kr. á heimili.

3. gr.

10

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 116/1940, um breytingar á lögum nr. 82/1936. 6. febr.

*Gjört að Bessastöðum, 6. febrúar 1951.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

## L Ö G

11

um breyting á lögum nr. 112 30. sept. 1947, um loðdýrarækt. 9. febr.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón með loðdýraræktinni í landinu undir stjórn landbúnaðarráðherra. Hann sker úr ágreiningi um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Í stað „ráðunautar í loðdýrarækt“ í síðasta málslíð 3. gr. komi: Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

2., 3. og 4. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Búnaðarfélag Íslands skal í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands sjá um, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra. Það skal fela einum af ráðunautum félagsins þau störf, sem ríkisráðunauturinn í loðdýrarækt hefur haft með höndum.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem Búnaðarfélagið eða ráðunautur þess leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanns, og getur þá ráðherra skipað annan trúnaðarmann að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

4. gr.

Í stað „landbúnaðarráðherra“ í 1. mgr. 5. gr. komi: Búnaðarfélag Íslands.

5. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um refabúr og önnur slík loðdýrabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Minka skal þó ávallt geyma og ala í sérstökum þar til gerðum steinsteyptum húsum með steypu